

Miðvikudaginn 27. janúar 2016 kom stjórn og varastjórn saman til fundar á skrifstofu félaganna 3. hæð Alþýðuhúsinu og hófst hann kl 17:30.

Dagskrá :

1. Leikhúsferð / sumarferð.
Samþykkt að taka tilboði leikfélags Hörgdæla á „ Með vífið í lúkunum“ 12. mars n.k
Samþykkt að fela skrifstofunni að kanna verð í Grímseyjarferð n.k sumar
2. Samþykkt að leggja fyrir aðalfund að laun fyrir fundarsetu verði kr. Skv. Akureyrarbæ (lægri taxti) kr. 24.921.-
3. Listi uppstillingarnefndar fyrir starfsárið 2016-2017 samþykkt verður hann birtur á bls. 99
4. Fjárhagsáætlun 2016.
Farið var yfir fjárhagsáætlunina lið fyrir lið. Samþykkt að kanna með ritun sögu félagsins, takmarka minni styrki til félagasamtaka við 200.000.- kr samþykkt að setja 1.000.000.- í bæklingagerð. Var fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða.
5. Nýr Kjarasamningur
Eiður formaður renndi lauslega yfir samninginn en betur verður farið yfir hann á fundi stjórnar og trúnaðarráðs kl 19:00
Stjórnin fagnar þessum samningi og hvetur félagsmenn til að kjósa um hann.
Fleira var ekki gert fundi slitið
Fundarritari Kristín Þorgilsdóttir.

Miðvikudaginn 27.janúar 2016 kom stjórn og trúnaðarráð saman til fundar í Lionssalnum 4. hæð Alþýðuhúsinu og hófs hann kl 19:00

Dagskrá:

1. Listi uppstillingarnefndar fyrir starfsárið 2016 -2017 kynnur og samþykktur samhljóða birtur á bls. 99
2. Nýr Kjarasamningur.
Eiður formaður fór yfir nýgerðan samning sem tekur gildi frá 1. janúar 2016. ef félagsmenn samþykkja hann, en atkvæðagreiðslu á að vera lokið fyrir 26. febrúar n.k
Nokkrar umræður um þessi mál og kjaramál almennt
Fleira ekki gert fundi slitið
Fundarritari Kristín Þorgilsdóttir.